

Umhverfis- og samgöngunefnd
Skrifstofa nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 13. október 2022
Tilv.: 2210002

Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins við frumvarp til laga um leigubifreiðaaakstur

1. Samkeppniseftirlitið vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 30. september 2022, þar sem umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis veitti Samkeppniseftirlitinu færi á að veita umsögn um frumvarp til laga um leigubifreiðakstur, 167. mál.
2. Líkt og vikið er að í greinargerð með frumvarpsdrögunum, hafa tillögur um breytingar á lagaumgjörð leigubifreiða áður verið lagðar fram, og tekið nokkrum breytingum milli ára. Samkeppniseftirlitið hefur jafnframt sent umsagnir og athugasemdir til nefndasviðs Alþingis og bent á margvísleg atriði sem að mati Samkeppniseftirlitsins væru til þess fallin að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaðnum.
3. Í þessu sambandi hefur Samkeppniseftirlitið sett á laggirnar sérstaka yfirlitssíðu um samkeppni á leigubifreiðamarkaði, þar sem hægt er að skoða þau álit, tilmæli og umsagnir sem eftirlitið hefur ritað og beint til stjórnvalda á liðnum árum. Umrædd yfirlitssíða er [aðgengileg hér](#).¹
4. Samkeppniseftirlitið fagnar því að gripið sé til aðgerða til þess að bæta samkeppnisumhverfi á leigubifreiðamarkaði og lagaumgjörð leigubifreiða sé tekin til endurskoðunar.
5. Í því frumvarpi sem hér er til umsagnar er lagt til að afnema ýmsar samkeppnishömlur sem Samkeppniseftirlitið hefur itrekað bent á í fyrri álitum og umsögnum, líkt og fjallað er um í greinargerð með frumvarpinu. Vill Samkeppniseftirlitið því itreka fyrri umsagnir og þau sjónarmið sem finna má í þeim um þær samkeppnishömlur sem núgildandi lagaumgjörð felur í sér. Allar fyrri umsagnir Samkeppniseftirlitsins eru aðgengilegar á fyrrnefndri yfirlitssíðu Samkeppniseftirlitsins um samkeppni á leigubifreiðamarkaði.

Virðingarfyllt,

Samkeppniseftirlitið

¹ Beinn tengill á yfirlitssíðuna: <https://www.samkeppni.is/utgafa/i-brennidepli/samkeppni-a-leigubifreidamarkadi/>